



Launavísitala – enn mun meiri hækkunir á opinbera markaðnum

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli október og nóvember samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,5%, sem er svipaður árstaktur og verið hefur síðustu mánuði.

Launavísitalan hefur hækkað nokkuð jafnt og þétt frá því í janúar þegar síðustu áfangahækkunir kjarasamninga komu til framkvæmda. Hún hefur nú hækkað um samtals 7,3% á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Kjarasamningsbundnar hækkunir verða næst í janúar 2022. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel ofan við 7% allt frá því í nóvember 2020 sem er töluvert herra en hefur verið frá miðju ári 2017, sem er nokkuð sérstakt í sögulegu ljósi

Kaupmáttur nokkuð stöðugur þrátt fyrir mikla verðbólgu


Verðbólga í nóvember mældist 4,8% en árshækkun launavísitölnunnar um 7,5%. Kaupmáttur launa jókst því um 2,6% á árinu þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttaraukning launa er því áfram nokkuð stöðug og mikil í sögulegu samhengi. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í nóvember 1,1% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli 3. ársfjórðunga 2020 og 2021 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu um 6,3% á þessum tíma og um 11,5% á þeim opinbera; þar af 9,9% hjá ríkinu og 13,3% hjá sveitarfélögum.


Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu. Launastig er almennt lægra á opinbera markaðnum en á þeim almenna og á það sérstaklega við um sveitarfélögin. Því er eðlilegt að kjarasamningsbundin krónutöluhækkun launa skili sér í hlutfallslega meiri hækkunum þar vegna áfangahækkana.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun hópa á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Mismunandi áhrif vinnutímastyttingar

Á þessu ári hefur hluti hækkunarinnar á opinbera markaðnum komið til vegna vinnutímastyttingar, líkt og gerðist á almenna markaðnum í fyrra. Áhrif styttingar vinnutíma eru á hinn bóginn ekki metin inn í launavísitölu nema þau séu talin ígildi launahækkana, þ.e. þegar greiddum stundum fækkar og laun haldast óbreytt.

Frá mars 2019, þegar Lífskjarasamningurinn var gerður, fram til september 2021 hefur launavísitalan hækkað um 18,4%. Þar af eru áhrif vinnutímastyttingar 1,8 prósentustig og áhrif annarra breytinga 16,6 prósentustig. Aðrar breytingar eru fyrst og fremst áfangahækkanir kjarasamninga, en auk þess breytingar á aukagreiðslum eins og bónusum og vaktaálagi, þar með talið árstíðabundnum aukagreiðslum. Hækkanir umfram hækkanir vegna kjarasamninga eru oft flokkaðar sem launaskrið.

Meiri hækkanir vegna styttingar á opinbera markaðnum

Áhrif vinnutímabreytinga á launavísitölu hafa verið mun meiri á opinbera markaðnum en þeim almenna og það sama gildir um launahækkanir vegna kjarasamninga og launaskriðs. Þannig eru áhrif vinnutímabreytinga rúmlega þrefalt meiri hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga á þessu tímabili. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess að almennt var samið var um 45 mínútna styttingu á vikulegum vinnutíma á almenna markaðnum en um 65 mínútur á þeim opinbera. Því til viðbótar styttist vinnutími vaktavinnufólks á opinbera markaðnum einnig.

Þróun launavísitölu nú ólík fyrri kreppum


Stöðug hækkun launavísitölnnar á árinu er áfram athyglisverð í ljósi hagsveiflnnar og er þróunin ólík því sem verið hefur í fyrri kreppum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Launapróun á tveimur mörkuðum



Samsetning launahækkana á mörkuðum - mars '19 - sept. '21

